

GÁTLISTI SIÐAMEISTARA
 

---

## 1 ALMENNT

Gátlisti þessi tengist SL-0045 Starfslýsing, siðameistari. Hann útskýrir nánar verkefni siðameistara og tímasetningu þeirra við undirbúning brautskráningar.

## 2 GÁTLISTI

Tímasetning	Verkþáttur	Ábyrgð	Lokið?
Janúar	Skipa í Carmínu-, sparifata- og dimissionefndir brautskráningarnema. U.þ.b. tveir nemendur úr hverjum bekk (aðalmaður og varamaður) eru í hverri nefnd	Kennarar í náms- og starfsvali	
Febrúar	Athuga með húfur – hafa samband við P. Eyfeld og Formal	Siðameistari og nemendur	
Mars	Finna tengiliði úr afmælisárgöngum. Skólameistari, starfsmenn og tengiliðir 25 ára stúdenta hjálplegir í að grafa þetta upp	Siðameistari	
	Byrja að leita að ræðumönnum úr árgöngunum (tengiliðir árganga gefa þá upp). Ávarp <b>hámark</b> 3 mínútur, hugsað sem ávarp til eigin félaga og nýstúdenta. Tengja saman nútíð og fortíð. Gjafir einnig afhentar 10 ára 25 ára 40 ára 50 ára 60 ára	Siðameistari	
	Hitta kaffi- og dimissionefndir og skýra hlutverk þeirra. Það er til góður listi fyrir kaffinefndina til að fara eftir	Siðameistari	
Apríl/maí	Taka stöðuna á nefndum: Sparifatanefnd, hvernig skipta þau með sér verkum Dimissionefnd, hvernig gengur að skipuleggja	Siðameistari	
	Fá einhvern til að taka myndir á dimissio. Mynda bekki o.s.frv.	Siðameistari	
Maí	Finna göngustjóra, hann raðar nemendum upp í stafrófsröð á 17. júní og gengur með þeim yfir í Íþróttahöll.	Siðameistari	
	Tala við nýjan konsertmeistara um að spila við athöfn. Launuð vinna	Siðameistari	
	Tala við nemendur sem munu brautskrást af kjörnámsbraut með áherslu á tónlist um að spila við brautskráningu	Siðameistari	
	Vera komin með ræðumenn nokkuð á hreint	Siðameistari	

**GÁTLISTI SIÐAMEISTARA**

	Ræða skipulagið í Íþróttahöll við húsverði. Athuga aðgengi ef hjólastólar	Siðameistari	
	Senda kennurum póst til að fá upplýsingar um verðlaunahafa í þeirra fögum, kanna líka hvort þeir útvegi verðlaun í sínu fagi (t.d. frá sendiráðum eða félagasamtökum) eða hvort skólinn eigi að sjá um það	Siðameistari	
	Sjá um að útvega þau verðlaun sem út af standa. Fjármálastjóri hefur aðstoðað við þetta. Fá á hreint hvort verðlaun sem kennarar útvega verði send til kennaranna sjálfra og þeir komi þeim til siðameistara eða hvort þau verði send beint til siðameistara	Siðameistari	
	Minna skólameistara og afgreiðsluna á að senda boðsgestum boðsbréf á brautskráningarathöfnina	Siðameistari	
	Trausti Guðmundur í Traustmynd tekur upp brautskráningarathöfn, HS-kerfi sjá um hljóðið. Hafa samband við þessa aðila	Fjármálastjóri	
	Semja um myndatöku eftir brautskráningu (stúdentsmynd)	Fjármálastjóri	
	Blómabúð: Hringja í Gunnhildi í Blómabúð Akureyrar og gefa upp fjölda útskriftarnema. Tvær stórar skreytingar við sitthvorn enda á sviði (höfum fengið 2 stóra hvíta potta lánaða) og svo ein skreyting fyrir framan púltið. Einnig nelliur og blómvendi til að hafa í anddyri Hóla og anddyri Gamla skóla. Svo þarf aukavendi/rósir til gjafa (t.d. ef einhver á afmæli 17. Júní og þeir sem spila fá líka blóm)	Siðameistari	
	Sparifatadagur. Ath. aðgengi ef hjólastólar. Einnig að athuga lausar stofur o.s.frv. Í samráði við skrifstofustjóra	Siðameistari	
	Dimissio. Pylsur og gos eða kjötsúpa í hádeginu (Huginsstjórn og bryti mötuneytis – heyra í skólameistara varðandi þetta). Myndataka á pöllunum, fengum nemanda til að taka myndir	Siðameistari	
Í kringum dimissio, fyrir próflok	Tala við stjórn skólafélagsins um sætavísun í Íþróttahöllinni að morgni, þarf a.m.k. 5 nemendur. Kanna hvort að „merkisþjöld“ handa þeim séu ekki til – eiga að vera hjá skólaritara í afgreiðslu	Siðameistari	
Í kringum dimissio, fyrir próflok	Setja stúdentslistann á Facebook, þar geta nemendur breytt því hvaða sveitarfélag þeir vilja láta lesa upp	Siðameistari	
<b>Júní</b>	Athuga hversu margir úr hverjum afmælisárgangi (sérstaklega eldri) ætla að mæta að morgni 17. júní svo hægt sé að taka frá sæti	Siðameistari	

**GÁTLISTI SIÐAMEISTARA**

6. – 8. júní	Tala við alla ræðumenn u.þ.b. 10 dögum fyrir 17. júní, til að árétta ræðutíma og fl.	Siðameistari	
15. – 16. júní	Blómabúðin: nákvæmur fjöldi (nellingur) og hvað við þurfum marga blómvendi (það kemur í ljós 15. eða 16. júní)	Siðameistari	
15. – 16. júní	Verðlaunabækur og prófskírteini	Siðameistari	
15. – 16. júní	Hafa samband við stóru miðlana (Moggann og RÚV)	Siðameistari	
16. /17. júní	Göngustjóri þarf að fá nafnalista fyrir 17. júní. Göngustjóri les stúdentsefnin upp í þörum og í þeirri röð sem þeir ganga í Íþróttahöllina og skv. sætaskipan	Siðameistari	
16. júní	Verðlaunabækur: setja miða inn í hverja bók eða umslag með verðlaunaskjali ofan á bókina	Siðameistari	
	Athuga hvort einhver stúdent eigi afmæli 17. júní. Blómvöndur fyrir viðkomandi	Siðameistari	
	Græja dagskrána (hún er birt á skjá í Íþróttahöllinni og límd upp í anddyri)	Siðameistari	
	Senda dagskrá á tæknimenn	Siðameistari	
	Heyra í tónlistarfólkinu – að allir séu klárir	Siðameistari	
	Fá tíma í hljóðprufu á sviðinu fyrir þá sem koma fram við brautskráninguna, s.s. f. undirleikara (sem oftast er konsertmeistari) og þá nemendur sem sjá um tónlistarflutning (15. júní ef hægt). Hafa samband við veislustjóra 25 ára stúdenta varðandi þetta	Siðameistari	
	Æfing í MA kl. ? með skólameistara og verðandi stúdentum. Farið yfir dagskrána. Æfa uppgönguna, alltaf tveir tilbúnir. Benda þeim á að rifja upp <b>skólasönginn, fyrsta og síðasta erindið</b> . Æfingin tekur ca. klukkustund	Siðameistari	
<b>17. júní</b>	Mæta fyrst í MA og taka til það húsverðir fara með í Höllina (skírteini, verðlaun o.þ.h.)	Siðameistari	
	Setja gestabækur og blómvendi í anddyri Hóla og Gamla skóla	Siðameistari	
	Hengja upp <b>stúdentalista</b> í anddyri Íþróttahallarinnar og dagskrá sem fer á skjáinn	Húsverðir	
	Hengja upp kort (m/númerum stúdenta) af hátíðarsalnum í Íþróttahöllinni þar sem sætaskipan sést	Húsverðir	
	Mæta mjög stundvíslega í Íþróttahöllina (um 7:30). Raða skírteinum og passa að allt sé huggulegt á sviði	Siðameistari	
	Fyrir sjálfa athöfnina er mikilvægt að horfa á útlit sviðsins í heild sinni, best að sleppa dúkum á gjafaborðin. Húsverðir fara með skírteinin út í Íþróttahöll að morgni	Siðameistari	
	Setja miða (taka frá sæti) á endana á sætaröðunum fyrir kennara, boðsgesti og ræðumenn. Vinna þetta	Siðameistari	

**GÁTLISTI SIÐAMEISTARA**


---

	með skólaritara og húsvörðunum		
	Taka stikkprufu á stafrófsröð prófskírteina út í Íþróttahöll (til að vera viss um að ekkert hafi ruglast)	Siðameistari	
	Raða upp verðlaunum á gjafaborð á sviði	Siðameistari	
	Hitta skólafélagsstjórn í Íþróttahöll, merkja þau. Þau sjá um sætavísun	Siðameistari	
	Fara í Kvosina þar sem nemendur mæta um klukkutíma fyrir athöfn (um klukkan 9)	Siðameistari	
	Hitta júbílanta sem halda ræður. Þeir sitja fremst við sviðið í fráteknunum sætum	Siðameistari	
	Streymi frá brautskráningu: Setja hlekk á facebook	Aðstoðar- skólameistari	
	Aðstoða ljósmyndara við stúdentsmyndatöku eftir athöfn (kalla bekkji saman)	Siðameistari	
<b>18. júní</b>	Skila stóru blómapottunum í blómabúðina	Siðameistari	
	Frágangur	Siðameistari	
<b>Þegar mynd kemur frá ljósmyndara</b>	Nafngreina nemendur á stúdentsmynd, fá aðstoð starfsfólks ef þarf	Siðameistari	

Þessi gátlisti tilheyrir SL-0045 Starfslýsing, siðameistari